

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um 18 leigumála á þjóðjörðum á Vestmannaeyjum. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. nóvbr. 14. jan. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á alþingi í sumar, og sem fer því fram, að landskuldir af jörðum landssjóðsins á Vestmannaeyjum verði frá fardögum 1887 greiddar eptir meðalverði í verðlagsskránni og með því álnatali, sem amtsráðið hefur samþykkt, og að leiga eptir þurrabúðir, sem eigi eru með torfpaki, verði frá sama tíma ákveðin 16 álnir eptir meðalverði verðlagsskrárinnar. Viðvíkjandi þessu hafið þjer skýrt frá, að landskuldinni á jörðum þeim, sem eldri bygging var á en frá fardögum 1880 hafi verið breytt, samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 25. maí 1880, þannig að hún sje nú talin eptir verðlagsskrár-meðalalin í stað verðs verðlagsskrárinnar á harðfiski, og álnatal afgangssins reiknað með því að leggja saman afgang þau, er leiguliðar höfðu svarað hin síðustu fimm ár og síðan deila þeirri upphæð með meðaltali meðalálnar í verðlagsskránni hin umræddu 5 ár. En á þennan hátt sjeu leiguskilmálar ábúendanna á þjóðjörðum í Vestmannaeyjum orðnir harðla mismunir, því þeir sem fengið hafi byggingu fyrir ábúðarjörðum sínum fyrir fardaga 1880, verði að greiða þriðjungi (50%) hærri landskuld en þeir, sem fengu jarðir í byggingu eptir greinda fardaga, og sem njóta byggingarskilmála samkvæmt tillögum amtsráðsins í því efni. Þar sem nú breyting sú, sem alþingi fer fram á, einungis miði til að koma jöfnuði á byggingarskilmálana á jörðum þessum, án þess að bíða eptir því, að jarðir þær, sem byggðar voru fyrir fardaga 1880, losni úr ábúð, þá hafið þjer lagt það til, að þingsályktun sú, sem hjer er um að ræða, verði tekin til greina.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða, að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg fellst hjer með á þessa tillögu yðar.

Auglýsing

um póstmál.

19

27. febr.

Með byrjun 5. ferðar landpóstanna þetta ár, komast á nýbreytingar þær, er hjer skulu greindar:

1. Aukapóstferð frá Akureyri um Svalbarðsströnd út í Höfðahverfi að Grýtubakka (Grenivík) og brjefhirðing þar.
2. Aukapóstferð frá Eskifirði um Kolfreyjustað að Stöð í Stöðvarfirði og brjefhirðingarstaðir settir á Kolfreyjustað og Stöð.
3. Aukapóstferð frá Hjarðarholti í Dölum út Fellsströnd um Staðarfell og inn Skarðsströnd um Skarð, alla leið að Márskeldu. Aukapóstur þessi snýr aptur stytstu leið að Hjarðarholti. Á Staðarfelli og Skarði verða settar brjefhirðingar.
4. Aukapóstferð frá Sveinsstöðum um Vesturhópshóla að Tjörn á Vatnsnesi og brjefhirðing þar.
5. Póstafgreiðsla sett á Vopnafirði í stað brjefhirðingarinnar þar.
6. Brjefhirðingin á Mýrum í Vestur-Skaptafellssýslu flutt að Rofabæ í sömu sýslu.

Þetta kunngjörst hjermeð almenningi.

Reykjavík 27. febrúar 1888.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jónsson.